

Summit Adventure Guides ehf.
Gufuskálar
360Hellissandur

Reykjavík, 28. október 2020
UST202010-003/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til starfsemi í Vatnshelli innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Summit Adventure Guides ehf., dagsett 1. október 2020, um leyfi fyrir starfsemi í Vatnshelli innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimilt í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 17. gr. reglugerðarinnar. Mannvirkjagerð, efnistaka og hverskonar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 18. gr. reglugerðarinnar. Rannsóknir á náttúrufari og menningarminjum í þjóðgarðinum eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 20. gr reglugerðarinnar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í Vatnshelli innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Um er að ræða ferðir um hellinn undir leiðsögn. Allir innviðir þ.e. aðstöðuhús, bílastæði og göngustígar eru til staðar nú þegar á svæðinu og ekki þörf á frekari uppbyggingu svo vitað sé til. Gerður verður samningur við Umhverfisstofnun um starfsemina.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfi þessu og samningi milli umsækjanda og Umhverfisstofnunar vegna atvinnustarfseminnar.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Summit Adventure Guides ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir atvinnustarfsemi í Vatnshelli innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 28. október 2020 til 31. ágúst 2023 með möguleika á tveimur framlengingum um eitt ár í senn þannig að leyfið getur gilt í mest 5 ár sbr. samningur milli umsækjanda og Umhverfisstofnunar um atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Umsækjandi skal fara eftir ákvæðum samnings um atvinnustarfsemi í Vatnshelli hans og Umhverfisstofnunar.
- Hafa skal þetta bréf uppi við í afgreiðslu þar sem gestir svæðisins geta séð það.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en starfsemi hefst.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu eins fljótt og auðið er.

- Gestir svæðisins skulu halda sig innan afmarkaðra svæða þar sem umferð er heimil innan hellisins.
- Ef upp koma álitamál um starfsemina skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst



Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðsstjóri



Jón Björnsson
þjóðgarðsvörður